

**Ed. 250. Frumvarp til laga [154. mál]**

um breytingu á lögum nr. 3 12. apríl 1978 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**1. gr.**

84. gr. laganna orðist svo:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að rétttri tiltölu við fjárhæð hvernar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir andlátið.

2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.

4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða, orlofsheimilásjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.

5. Bætur til launþega eða maka þeirra og barna sem atvinnurekanda ber að greiða vegna örorku eða dauðsfalls af völdum vinnuslysa sem orðið hafa á síðustu 18 mánuðum fyrir upphaf skipta.

6. Kröfur skv. 1. til 5. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 18 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu sex mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.

7. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fé-gæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.

8. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fái ekki greiddar frá Trygginga-stofnun ríkisins og séu ekki ósangjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

9. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauð-synlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

2. gr.

4. gr. laga nr. 32 10. apríl 1974 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf laun-þegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103 30. nóvember 1978.

Frumvarpið er flutt samhliða öðru frumvarpi um breytingu á lögum nr. 31 28. mars 1974 um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot. Er hér gert ráð fyrir þeim breytingum á núgildandi lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. nr. 3 12. apríl 1878, að forgangsréttur launakröfu og annarra þeirra krafna, sem ríkisábyrgð tekur til við gjaldþrot er lengdur úr 6 mánuðum í 18 mánuði.

Slík breyting er nauðsynleg af þeim sökum að langur tími liður oft frá því, að fyrirtæki komast í greiðsluþrot og þar til úrskurður gengur um skiptin. Hefur þessi dráttur oftsinnis valdið því, að kröfur þess, sem átti ógreidd laun, orlof eða bætur hjá búinu, hafa glatast að hluta eða alveg. Réttur launþegans á hendur ríkissjóði hefur þá jafnframt fallið niður þar sem ríkisábyrgðin takmarkast við þær kröfur sem forgangsréttur fylgir.

Með þeirri lengingu á forgangsréttinum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, ætti hins vegar að vera nægilega tryggilega um hnútana búið, svo fremi að launþeginn hafi fylgt kröfum sínum eðlilega fram.

Þá er og í frumvarpinu það nýmæli, að örorku- og dánarbótum til launþega, maka þeirra og barna er veittur tilsvarendi forgangsréttur og launakröfum. Jafnframt er svo með frumvarpinu til breytingar á lögum um ríkisábyrgð á launum við gjaldþrot lagt til að ríkisábyrgðin nái einnig til þessara bóta. Dæmi munu til þess, að makar og börn hafi glatað dánarbótum við gjaldþrot fyrirtækis þótt launa-kröfur fengjust greiddar, og hlýtur slíkt að teljast óviðunandi.